

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2018
UST201804-199/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vegur og bílastæði – Hverfjall. Umsögn

Ísáð er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Til stendur að leggja um 1 km veg meðfram Hverfjalli frá Seftjörn að bílastæði. Núverandi slóð liggur fast við rætur Hverfjalls og er ráðgert að færa veginn 30-40 m til vestur, en þar mun vegurinn liggja hærra í landi á sandorpu hrauni. Með þessari framkvæmd er talið að unnt verði að stýra betur umferð fólks á Hverfjall og draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum sem fylgja mótun nýrra gönguleiða á fjallið.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða veglagningu. Stofnunin telur að við frágang eldri slóðar ætti að fletja út kanta og sértaklega ætti að fella kanta að rótum Hverfjalls þar sem lítilsháttar skering hefur verið gerð í hlíðina.

Í greinargerð kemur fram að ekki hafi endanlega verið ákveðið hvar efni í veginn verður tekið. Bent er á Flugvallanámu en ekki fullyrt að hún verði notuð. Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að nýta námu sem er við veg að Dimmuborgum í umrædda framkvæmd. Námunna ætti alls ekki að nýta frekar hvorki í þetta verkefni né önnur og raunar ætti að hætta þar efnistöku og leita leiða til að lagfæra raskið sem er til mikilla lýta á fjölsóttum ferðamannastað.

Ef framkvæmdin verður eins og henni er lýst í greinargerð og efnistakan fari fram í opinni námu sem ekki er í hrauni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri